

Stjórnarfundur no 8, 2011/2012

Mánudaginn 9. janúar 2012 kom stjórn félagsins saman í fundarherbergi félagsins Skipagötu 14 Fundurinn hófst hann kl. 18.30. Undirritaðir sátu fundinn.

Þetta gerðist.

1. Tillögur uppstillinganefndar vegna stjórnarkjörs 2012

Úlfhildur formaður kynnti tillögurnar sem verða lagðar fyrir stjórn-og fullrúaráðsfund síðar í kvöld.

2. Orlofshús sumarið 2012. Framboð og leiguverð

Vikuleiga	Íbúðir í Reykjavík	3 herbergja kr. 22.000
		4 herbergja kr. 28.000
	Skógarsel	kr. 40.000
	Illugastaðir no 19	kr. 22.000
	Illugastaðir 12 og 2	kr. 19.000
	Flókalundur Vatnsf.	kr. 18.000
	Einarsstaðir Héraði	kr. 19.000
	Íbúð Bolungarvík	kr. 28.000
	Ölfusborgir	kr. 22.000

Orlofsstyrkir kr. 15.000 verði 60 og útilegukort 20

Veiðikort verði í boði á kr. 4.800

Samþykkt.

3. Innsend erindi.

1. Kanon Arkitektar ehf dags. 22. desember vegna frágangs svalahandriða o.fl. sem ekki er í samræmi við teikningar.

Skrifstofunni falið að ræða við Afl og VM um hvað skal gera í málinu.

2 Virknisetur Rósenborg, beiðni um styrk til að geta haldið starfsemi áfram til vors. Samþykkt að styrkja verkefnið

3. SÁÁ beiðni um styrk til fátækra alkohólista. Hafnað.

4. Áhugahópur um heilsuefningu eldri borgara í tilefni 150 ára afmælis Akureyrarbæjar.

Beiðni um styrk til að efla hreyfingu eldra fólks. Hugmyndin að bjóða upp á ýmis konar hreyfingu og verða leiðbeinendur fengnir til að stýra þessu, snýr styrkurinn um að borga þeim laun.

Samþykkt að leggja erindið fyrir aðalfund félagsins.

4. Ráðningarbréf PWC

Stjórnin skrifaði undir staðfestingu á efni gildandi ráðningarbréfs endurskoðenda þar sem fjallað er um gagnkvæma ábyrgð endurskoðenda félagsins og stjórnenda FVSA.

5. Leikhúsferð - Sumarferð

Samþykkt að bjóða hinum stéttarfélögun á 3ju hæð að vera með í þessum ferðum. Ákveðið síðar hvert farið verður. Sumarferðin fyrirhuguð 18. ágúst.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Sign: Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Einar Hjartarson, Eiður Stefánsson, Árni Þorvaldsson Einar Pálsson, Hildur Tryggvadóttir, Friðbjörg Jóhannsdóttir Kristín Þorgilsdóttir ritaði fundargerð